

Kría - sprota og nýsköpunarsjóður
Ársreikningur 2023

Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

kt. 610621-2790

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Kría – sprotta- og nýsköpunarsjóður („Kría“) var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Kría er sjálfstæður sjóður sem er að fullu í eigu ríkisins og heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála. Markmið Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki. Til að ná því markmiði fjárfestir Kría í sérhæfðum sjóðum, svokölluðum vísisjóðum (e. venture capital funds) og byggir upp og miðlar þekkingu um stöðu markaðarins til stjórnvalda. Ráðherra er heimilt að fela þriðja aðila með samningi faglega umsýslu sjóðsins og hefur dagleg umsýsla og rekstur sjóðsins verið í höndum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins („NSA“) skv. samningi milli ráðuneytisins og NSA sem frekar er fjallað um í skýringu 3 í ársreikningi.

Kría hefur frá stofnun fjárfest í þremur vísisjóðum, Frumtaki 3 slhf, Eyri Vexti slhf og Crowberry II slhf. Heildar fjárfestingaloforð Kríu vegna þátttöku í fyrrgreindum sjóðum nemur 2,24 milljörðum króna. Heildarstærð og fjárfestingargeta framangreindra sjóða er 28 milljarðar króna. Fjárfestingatímabil sjóðanna er 4-5 ár frá stofnun og líftími sjóðanna er 10 ár, með möguleika á framlengingu. Fjárfestingar sjóðanna til þessa eru í fjölda sprotta- og nýsköpunarfyrirtækja. Nánar tiltekið hafði Frumtak 3 slhf. fjárfest í níu félögum í árslok 2023, Crowberry II slhf. hafði fjárfest í fjórtán félögum (þar af sex erlendum) og Eyri Vöxtur slhf. hafði fjárfest í sjö félögum. Í lok árs 2023 höfðu sjóðirnir dregið á 32,8% af fjárfestingarloforðum Kríu í þessum þremur vísisjóðum, eða sem nemur 734 milljónum króna. Eftirstandandi skuldbindingar Kríu nema 1.506 milljónum króna í árslok 2023 eins og nánar er tilgreint í skýringu 4 í ársreikningi.

Á rekstrarárinu 2023 auglýsti Kría í tvígang eftir umsóknum vísisjóða um fjárfestingu frá Kríu. Ein umsókn um fjárfestingu barst, en skilyrði fyrir fjárfestingu frá Kríu skv. reglugerð um Kríu nr. 255/2021 voru ekki öll uppfyllt og því var ekki fjárfest í sjóðnum. Af þeim sökum tók Kría ekki þátt í nýjum fjárfestingum í sjóðum á rekstrarárinu. Fjárfestingarheimildir Kríu fyrir árið 2023 voru því fluttar milli ára til ársins 2024.

Heildar eignir Kríu í árslok 2023 skv. ársreikningi nema tæpum 739 milljónum króna samanborið við 319 milljónir króna frá fyrra ári. Stofnfé sjóðsins í árslok er að sama skapi tæpar 738 milljónir króna. Eignir Kríu byggja á og eru í samræmi við útgefna og endurskoðaða ársreikninga þeirra vísisjóða sem Kría á hlutdeild í. Allir framangreindir sjóðir færa eignir sínar á upphaflegu stofnvirði fjárfestinganna, enda eru þeir allir stutt á veg komnir á líftíma sínum og stuttur tími liðinn frá fjárfestingu sjóðanna í þeim sprottafyrirtækjum sem fjárfest hefur verið í. Á því er ein undantekning þar sem endurmat eigna viðkomandi sjóðs hefur farið fram í tilefni af því að viðskipti með eignarhluta í félagi sem fjárfest hafði verið í áttu sér stað á árinu 2023. Viðbúið er að á næstu árum, þegar lengri tími er liðinn frá fjárfestingum sjóðanna, muni endurmat undirliggjandi eigna hafa meiri áhrif á efnahagsreikning Kríu hvort heldur sem er til hækkunar eða lækkunar.

Tveir af þeim sjóðum sem Kría hefur fjárfest í gera upp í íslenskum krónum en einn í evrum. Af þeim sökum myndast gengishagnaður/tap sem nemur gengisbreytingu ISK/EUR og færast sem gengismunur á rekstrarreikningi. Það er eina beina gengisáhættan sem Kría ber, en rétt er að geta þessa að í sjóðunum eru undirliggjandi eignir í erlendri mynt annað hvort í dollurum eða evrum.

Þess ber að geta að aðrir fjárfestar í þeim sérhæfðu sjóðum sem Kría hefur fjárfest í hafa, í samræmi við ákvæði reglugerðar um Kríu nr. 255/2021, tvisvar á líftíma sjóðanna heimild til að kaupa eignarhlut Kríu í sjóðunum, annars vegar þegar fjögur ár og hins vegar þegar sex ár eru liðin frá fjárfestingu Kríu í viðkomandi sjóði. Kauprétturinn tekur til þeirra hluta sem hafa verið innkallaðir á því tímamarki sem kaupréttur er nýttur. Kaupréttarverð fyrir kauprétt sem nýttur er eftir fjögur ár skal miðast við innkallað áskriftarfé Kríu á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur að viðbættum árlegum vöxtum sem taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 5% áhættuálagi. Kaupréttarverð fyrir kauprétt sem nýttur er eftir 6 ár skal miðast við innkallað áskriftarfé Kríu á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur að viðbættum árlegum vöxtum sem taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu 7% áhættuálagi. Unnt er að nýta kaupréttina í 30 daga frá þeim degi sem þeir stofnast. Markmið með þessu fyrirkomulagi er að skapa hvata til fjárfestinga stofnana- og fagfjárfjálfa í vísisjóðum, þar sem Kría sem meðfjárfestir er skuldbundinn til að láta af hendi eignarhlut sinn á fyrirfram skilgreindu verði með eðlilegri ávöxtunarkröfu. Að sama skapi yrði andvirði kaupréttanna nýtt til endurfjárfestinga af hálfu Kríu í nýjum sérhæfðum sjóðum fyrr en ella.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra, frh.

Beinn rekstrarkostnaður Kríu á árinu nemur samkvæmt upplýsingum frá umsýsluaðila 33,4 milljónum króna. Á árinu endursamdi Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um umsýslu- og rekstrarkostnað við NSA og mun árlegur kostnaður nema 45 milljónum króna, sem Kría ber óháð raunkostnaði við umsýslu. Á árinu 2023 var hálf t árið samkvæmt nýja samningnum (45 milljónum króna) og hálf t árið samkvæmt eldri samningi (60 milljónum króna á ári) sem gerir 52,5 milljónir króna. Tap ársins skv. rekstrarreikningi 2023 nam 88 þús. krónum og leggst við uppsafnað óráðstafað eigið fé sem skv. efnahagsreikningi er í árslok neikvætt um 128 þús. krónur.

Á árinu gerðist Kría bakhjarl VC Challenge 2023, námskeiði sem er ætlað verðandi sjóðstjórum og undirbýr þátttakendur til að stofna og reka vísisjóði. Kría, í samstarfi við Íslandsstofu, kom á fót LP Meet-up in Iceland viðburði á Iceland Innovation Week. Markmiðið með viðburðinum er að búa til vettvang þar sem erlendir fjárfestar (e. limited partners) eru kynntir fyrir íslensku nýsköpunarumhverfi á markvissan hátt, með áherslu á fjárfestingar í vísisjóðum á Íslandi. Sjóðsstjóri Kríu tók þátt í fjölda viðburða, í pallborðsumræðum og var með kynningar á Kríu á Íslandi sem og erlendis.

Öllum má ljóst vera að veruleg áhætta felst í fjárfestingum í vísisjóðum og mikil óvissa ríkir um endanlegt virði eigna þeirra sem koma til útgreiðslu fjárfesta að loknum líftíma sjóðanna. Algengt er að stór hluti fjárfestinga vísisjóðs fari jafnvel forgörðum eða skili lítilli ávöxtun og að heildar arðsemi þeirra sé borin uppi af fáum eða jafnvel einni fjárfestingu sem geta skilað margföldu endurgjaldi þess sem fjárfest var upphaflega í viðkomandi félögum. Þess ber þó að geta að hagur hins opinbera af aukinni almennri fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi er ótvíræður. Stærstur hluti þeirra fjármuna sem sjóðirnir verja til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum fara til greiðslu launa sem renna því að stórum hluta aftur til ríkissjóðs í formi staðgreiðslu tekjuskatts á launum. Af þeim sökum má færa fyrir því rök að markmið hins opinbera með starfrækslu Kríu og sá hvati sem Kríu er ætlað að veita öðrum fjárfestum vísisjóða takmarki áhættu hins opinbera af þátttöku sinni og skili í raun endurgjaldi á fjárfestinguna í formi skatts á launatekjur sem ekki hefðu raungerst nema vegna fjárfestinga vísisjóðanna.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra vinnur nú að endurskoðun sjóðaumhverfis, m.a. að sameiningu NSA og Kríu. Markmiðið er að úr verði öflugur fjárfestingarsjóður sem leggi áherslu á stuðning við sprota á fyrstu stigum sem og fjárfestingar í sjóðum. Fyrirhugað er að nýr sameinaður sjóður taki til starfa í byrjun árs 2025.

Yfirlýsing stjórnar og sjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af afkomu, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs þann 31. desember 2023 og breytingar á handbæru fé á árinu 2023. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningur og skýrsla stjórnar og sjóðsstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri, lýsi fjárhagsstöðu og helstu áhættuþáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við. Stjórn og sjóðsstjóri hafa í dag fjallað um ársreikning fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. apríl 2024

Í stjórn

Sjóðsstjóri

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Fjárfestingartekjur			
Vaxtatekjur		143.288	93.331
Gengismunur	(200.020)	(112.819)
Fjármagnstekjuskattur	(31.525)	(20.533)
Hreinar fjárfestingartekjur		<u>(88.257)</u>	<u>195</u>
Aðrar tekjur			
Rekstrarframlag frá Ríkissjóði	3	<u>52.500.000</u>	<u>60.000.000</u>
Rekstrarkostnaður			
Umsýsluþóknun	3	<u>52.500.000</u>	<u>60.000.000</u>
Rekstrarkostnaður samtals		<u>52.500.000</u>	<u>60.000.000</u>
Afkoma ársins	(<u>88.257)</u>	<u>195</u>

Skýringar á blaðsíðum 8 til 9 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum	4	733.524.572	459.082.672
Skammtímakröfur	5	286.370	506.283
Handbært fé		4.782.074	4.175.701
Eignir samtals		<u>738.593.016</u>	<u>319.740.195</u>
Eigið fé			
Stofnfé		738.721.099	463.804.482
Óráðstafað eigið fé		(128.083)	(39.826)
Eigið fé samtals	6	<u>738.593.016</u>	<u>226.740.195</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>738.593.016</u>	<u>319.740.195</u>

Skýringar á blaðsíðum 8 til 9 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma	(88.257)	195
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun)		219.913	(506)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Handbært fé frá rekstri		131.656	195
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í sprota og nýsköpunarsjóðum	(302.117.566)	(412.102.672)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað stofnfé		274.916.617	237.064.482
Breyting á handbæru fé	(27.069.293)	179.760.195
Handbært fé í upphafi árs		179.760.195	179.760
Handbært fé í lok ársins		152.690.902	179.760.195

Skýringar á blaðsíðum 8 til 9 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Sjóðurinn

Kría - sprotta- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 65/2020. Markmið laganna sem stefnt er að með stofnun Kríu er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki. Samkvæmt 3. gr. laganna er hlutverk Kríu að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli þeirra.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gerði samning við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um rekstur Kríu og ráðinn var sjóðsstjóri fyrir Kríu sem hóf störf í ágúst 2021.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

c. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum eru færðar á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

e. Ógreidd fjárfestingaloforð

Ógreidd fjárfestingaloforð eru loforð sem hafa verið innkölluð en ekki greidd.

3. Rekstrarframlag og umsýslukostnaður

Samkvæmt lögum skal allur kostnaður vegna reksturs Kríu greiðast af ráðstöfunarfé sjóðsins. Í desember 2022 sagði Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið upp umsýslusamningi sínum við Nýsköpunarsjóð Atvinnulífsins. Samningurinn er rann út 30 júní 2023. Nýr umsýslusamningur tók gildi 1.7.2023.

Árið 2023 var ráðstöfunarfé Kríu 1.000 milljónir, og þar af voru 52,5 milljónir nýttar í umsýslukostnað samkvæmt samningi milli Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Samkvæmt uppgjöri sem Nýsköpunarsjóður hefur látið stjórn Kríu í té, var kostnaður vegna reksturs Kríu kr. 33.420.106 árið 2023. Kostnaðurinn skiptist þannig

- Laun starfsmanns og stjórnar og launatengd gjöld voru 27.640.494 kr.
- Annar beinn rekstrarkostnaður Kríu (t.d. lögfræðivinna) 5.779.612 kr.

4. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum

Á árinu 2023 hafði Kría heimild til að fjárfesta fyrir allt að 1,0 milljarða króna (2021; 1,94 milljarða króna). Ekki var fjárfest í nýjum sjóðum á árinu, en greitt var skv. innköllun til þeirra sjóða sem Kría hafði áður skuldbundið sig í. Fjárfestingaheimild Kríu fyrir árið 2023 var færð til ársins 2024.

4. Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum, frh.:

Árið 2023

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,35%	214.520.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	354.712.560
Crowberry II slhf.	6,04%	164.292.012
		<u>733.524.572</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	214.520.000	405.480.000
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	354.712.560	455.287.440
Crowberry II slhf. *	810.000.000	164.292.012	645.707.988
	<u>2.240.000.000</u>	<u>733.524.572</u>	<u>1.506.475.428</u>

Árið 2022

Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eyrir Vöxtur slhf.	9,35%	93.000.000
Frumtak 3 slhf.	10,37%	46.980.000
Crowberry II slhf.	6,65%	75.334.812
		<u>215.314.812</u>

Sjóðurinn hefur veitt eftirfarandi fjárfestingarloforð:

	Heildarloforð	Innkallað	Óinnkallað
Eyrir Vöxtur slhf.	620.000.000	186.000.000	434.000.000
Frumtak 3 slhf.	810.000.000	197.747.860	612.252.140
Crowberry II slhf. *	810.000.000	75.334.812	734.665.188
	<u>2.240.000.000</u>	<u>459.082.672</u>	<u>1.780.917.328</u>

* - Crowberry II er sjóður gerður upp í EUR, heildarskuldbinding Kríu í sjóðnum nemur 5.481.041 EUR.

5. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur er skammtímakrafa á NSA (umsýsluaðila) vegna rekstrarkostnaðar Kríu sem greiddur hefur verið af bankareikningi Kríu en ekki bankareikningi NSA eins og venjan er skv. umsýslusamningi.

6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé sjóðsins greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfé 1.1.2023	463.804.482	(39.826)	463.764.656
Innborgað stofnfé	274.916.617		274.916.617
Rekstrarafkoma ársins		(88.257)	(88.257)
Stofnfé 31.12.2023	<u>738.721.099</u>	<u>(128.083)</u>	<u>738.593.016</u>

Ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótar stofnfé í samræmi við fjárheimildir í fjárlögum ársins. Óinnheimt stofnfé nam í árslok 2023 1,037 milljörðum kr. (2,24 milljarðar samtals í fjárfestingarheimild 2021 – 739 m króna sem hefur verið greitt frá ríkissjóði til Kríu)